



Sveitarstjórnarfundur 11. febrúar 2026

Miðvikudaginn 11. febrúar 2026 kom sveitarstjórn Kaldrananeshrepps saman til 39. fundar kjörtímabilsins á skrifstofu hreppsins í samkomuhúsinu Baldri á Drangnesi.

Fundinn sátu þau Finnur Ólafsson, Halldór Logi Friðgeirsson, Ísabella B. Petersen, Hildur Aradóttir og Arnín Óladóttir.

Oddviti setti fund kl. 20:00.

Hildur Aradóttir ritar fundargerð á tölvu.

Dagskrá 39. fundar:

1. Fundargerð 38. sveitarstjórnarfundar 28.01.2026
2. Fundargerðir nefnda
3. Aðrar fundargerðir
4. Viðræður um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps – Síðari umræða
5. Íbúakosningar um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps
6. Skipun sameiginlegrar kjörstjórnar við íbúakosningar um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps
7. Skipun undirkjörstjórnar við íbúakosningu um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps
8. Atkvæðaseðill til afnota við íbúakosningu um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps

Fundargerð:

1. Fundargerð 38. sveitarstjórnarfundar 28.01.2026.

Oddviti gerði grein fyrir afgreiðslu mála frá síðasta fundi.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

2. Fundargerðir nefnda

Engar fundargerðir lágu fyrir

3. Aðrar fundargerðir

- a. Samband íslenskra sveitarfélaga, 992. fundur stjórnar, 23.01.2026.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

4. Viðræður um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps – Síðari umræða

Á 38. fundi sveitarstjórnar þann 28. janúar sl. samþykkti sveitarstjórn að hefja sameiningarviðræður við Árneshrepp samkvæmt 119. gr. Sveitarstjórnarlaga.

Jafnframt samþykkti sveitarstjórn að skipa Finn Ólafsson, Halldór Loga Friðgeirsson

Hildi Aradóttur í samstarfsnefnd um sameiningu sveitarfélaganna og Arnlín Óladóttur og Ísabellu B. L. Petersen til vara

Sveitarstjórn staðfestir ákvörðun sína frá 38. fundi sínum þann 28. janúar 2026.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

5. Íbúakosningar um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps

Lögð fram tillaga verkefnisstjórnar um óformlegar sameiningarviðræður Árneshrepps og Kaldrananeshrepps um að íbúakosningar um sameiningu skuli fara fram dagana 14. – 28. mars 2026.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir fyrir sitt leyti að kosningar um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps skuli fara fram á tímabilinu 14. – 28. mars 2026 og felur samstarfsnefnd að miða við það kosningatímabil í störfum sínum.

Jafnframt felur sveitarstjórn samstarfsnefnd að undirbúa og kynna íbúum sveitarfélaganna þá tillögu sem greiða skal atkvæði um og helstu forsendur hennar sbr. 4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Sveitarstjórn felur oddvita, í samráði við oddvita Árneshrepps að tilkynna Þjóðskrá Íslands um boðaða atkvæðagreiðslu innan tilskilins frests og óska eftir því við Þjóðskrá Íslands að opnað verði fyrir uppflettingar í kjörskrá á vef Þjóðskrár Íslands í aðdraganda atkvæðagreiðslunnar og á meðan hún fer fram.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir að opnunartími kjörstaðar verði í Grunnskóla Drangsness laugardaginn 14. mars frá kl. 12:00 til 14:00, laugardaginn 21. mars frá kl. 12:00 til 14:00 og laugardaginn 28. mars frá kl. 10:00 til 16:00 og á opnunartíma á skrifstofu sveitarfélagsins.

Sveitarstjórn samþykkir að kosningaaldur í íbúakosningunum skuli miðast við 16 ár sbr. 3. mgr. 133. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

6. Skipun sameiginlegrar kjörstjórnar við íbúakosningar um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps

Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglugerðar um íbúakosningar sveitarfélaga nr. 922/2023 skulu sveitarstjórnir þeirra sveitarfélaga sem kosningar um sameiningu varða skipa sameiginlega kjörstjórn sem ber ábyrgð á stjórnsýslu og framkvæmd íbúakosninga.

Lagt er til að sveitarstjórn Kaldrananeshrepps skipi tvo fulltrúa í sameiginlega kjörstjórn og tvo til vara og að sveitarstjórn Árneshrepps skipi einn fulltrúa og einn til vara.

Sveitarstjórn Kaldrananeshrepps samþykkir ofangreinda tillögu og skipar Helgu Lovísu

Arngrímsdóttur og Hildi Aradóttur til setu í sameiginlegri kjörstjórn fyrir sína hönd og Halldór Loga Friðgeirsson og Ísabellu B. L. Petersen til vara.
Borið upp og samþykkt samhljóða.

7. Skipun undirkjörstjórnar við íbúakosningu um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps

Samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 922/2023 um íbúakosningar sveitarfélaga er sveitarstjórnnum heimilt að skipa undirkjörstjórn og fela henni verkefni samkvæmt a-, c- og d-lið 3.mgr. 5. gr.

Lagt er til að sveitarstjórn nýti þessa heimild og feli kjörstjórn sveitarfélagsins hlutverk undirkjörstjórnar vegna íbúakosninga um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps sem fram fara 14. til 28. mars nk.

Sveitarstjórn samþykkir að fela kjörstjórn sveitarfélagsins hlutverk undirkjörstjórnar vegna íbúakosninga um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps sem fram fara 14. til 28. mars nk.

Sveitarstjórn leggur áherslu á að sameiginleg yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnir við kosningarnar hafi með sér samráð um verkaskiptingu vegna framkvæmdar kosninganna.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

8. Atkvæðaseðill til afnota við íbúakosningu um sameiningu Kaldrananeshrepps og Árneshrepps

Lögð fram tillaga að atkvæðaseðli til afnota við íbúakosningu um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps með svohljóðandi texta:

"Kjörseðill

vegna íbúakosningar í Kaldrananeshreppi 14. – 28. mars 2026

Samstarfsnefnd hefur kynnt tillögu um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps í eitt sveitarfélag.

Samþykkir þú tillögu um sameiningu Árneshrepps og Kaldrananeshrepps?

Þeir sem samþykkja tillöguna setji merki í reitinn fyrir framan „Já”.

Þeir sem samþykkja ekki tillöguna setji merki í reitinn fyrir framan „Nei”.

Sveitarstjórn samþykkir tillöguna fyrir sína hönd og felur sameiginlegri kjörstjórn að senda atkvæðaseðilinn til Innviðaráðuneytis til staðfestingar.

Borið upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið klukkan 20:46